



Ferðamálastofa
Icelandic Tourist Board

Álagsviðmið Ferðamálastofu við beitingu hækkunarheimildar skv. 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021 vegna árlegs endurmats tryggingafjárhæða 2025.

Við ákvörðun um fjárhæð trygginga vegna sölu pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar er Ferðamálastofu skylt að taka mið af fjárhagsstöðu aðila og áhættu af rekstri þeirra.

Ferðamálastofu er heimilt að krefjast hærri trygginga en leiðir af 7. gr. reglugerðarinnar þegar talið er að sérstök áhætta sé af rekstri seljenda vegna fjárhagsstöðu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. reglugerðar um Ferðatryggingasjóð nr. 812/2021. Við beitingu hækkunarheimildar skal Ferðamálastofa fylgja þeim álagsviðmiðum sem stofnunin gefur út árlega og undirrituð eru af ráðherra.

Álagsviðmið Ferðamálastofu fyrir árið 2025 eru eru að mestu óbreytt frá þeim sem giltu árið 2024, en álagsviðmiðin 2024 voru ákveðin í kjölfar vinnu starfshóps sem var falið að endurskoða útreikning tryggingafjárhæðar seljenda pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar. Starfshópurinn byggði m.a. á gögnum og greiningu Creditinfo Lánstrausts ehf, sem fjölluðu um leiðir til að meta aukna rekstraráhættu ferðaskrifstofa. Við endurskoðun álagsviðmiða fyrir árið 2025 var þó ákveðið að fella brott álag vegna inneigna sem voru til komnar vegna óvenjulegra eða óviðráðanlegra ástæðna, þar sem slíkar inneignir eru hverfandi l og því ekki áhætta fyrir sjóðinn.

Með beitingu álagsviðmiðanna er tryggt að horft sé til sömu atriða í sambærilegum málum, málsmeðferð sé sú sama, jafnræði sé tryggt meðal aðila og gætt sé samræmis við ákvarðantöku. Meti Ferðamálastofa að málefnalegar ástæður réttlæti í einstaka tilvikum að horft sé til annarra þátta í rekstri aðila, sem réttlæti frávik frá umræddum viðmiðum, er stofnuninni heimilt að leggja mat á það.

Um viðmiðin

Sé veltufjárhlutfall ferðaskrifstofu undir 1,2 og/eða eiginfjárhlutfall undir 5% beitir Ferðamálastofa sérstöku álagi við ákvörðun tryggingarfjárhæðar. Ferðaskrifstofur með tryggingaskylda ársveltu undir 20 milljónum það ár sem tryggingafjárhæð reiknast út frá eru undanþegnar álagi. Við útreikning álags vegur veltufjárhlutfallið 2/3 og eiginfjárhlutfallið 1/3. Álagsprósentan er á bilinu 8%-50%. Það fer eftir samsetningu hlutfallanna hver álagsprósentan verður

Veltufjárhlutfall (VFH):

VFH er undir 1 litakóðinn er rauður

VFH frá og með 1 upp að 1,2 litakóðinn er gulur

VFH er 1,2 eða hærri litakóðinn er grænn

Eignfjárhlutfall (EFH):

EFH er neikvætt (undir 0%) litakóðinn er rauður

EFH frá og með 0% upp að 5% litakóðinn er gulur

EFH er 5% eða hærri litakóðinn er grænn

Skipting álags

Ef VFH og EFH er álagið 50%.

Ef VFH og EFH er álagið 42%

Ef VFH og EFH er álagið 33%



Ef VFH og EFH er álagið 33%
Ef VFH og EFH er álagið 25%
Ef VFH og EFH er álagið 17%
Ef VFH og EFH er álagið 17%
Ef VFH og EFH er álagið 8%
Ef VFH og EFH er ekkert álag.

Við beitingu viðmiðananna er reiknuð út grunntryggingafjárhæð (GT) og síðan tryggingafjárhæð (T) skv. 7. gr. reglugerðarinnar. Hlutfall álags er reiknað út frá mismuninum á grunntryggingafjárhæðinni (GT) og útreiknaðri tryggingafjárhæð (T). Fjárhæð álags fer eftir samsetningu VFH og EFH, sjá hér ofar og skal niðurstöðufjárhæðin margfölduð með álagshlutfallinu. Álagsfjárhæðin og útreiknuð tryggingafjárhæð (T) eru lagðar saman og er niðurstaðan fjárhæð tryggingar sem leggja á fram.

Grunntryggingafjárhæðin (GT) er mælikvarði á áhættu ferðaskrifstofu vegna fyrirframgreiðslna sem búið er að taka við og vegna þeirra ferðamanna sem eru í ferðum. Grunntryggingafjárhæðin (GT) er ætlað að reikna inneignir skv. venjubundnum rekstri á eðlilegu árferði. Í grunntryggingafjárhæðinni (GT) felast þær upphæðir sem búið er að taka við á hverjum tíma og kostnaður við þá sem eru í ferðum.

Tryggingafjárhæðin (T) er útreiknuð tryggingafjárhæð sem talið er að sé nægileg fjárhæð til að leggja fram þegar rekstur er í góðu lagi.


Atvinnuvegaráðherra